

## Stjórnarfundur STEFs 12. mars 2021

### Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 27. janúar 2021 og hófst hann kl. 11:00. Um var að ræða fjarfund.

Fundarmenn voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 27. janúar og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- a) Drög að nýjum samningi við Hörpu
- b) Greinargerð til sáttamanns IHM
- c) Dómur Evrópudómstólsins vegna VSK

Þá voru eftirfarandi atriði rædd:

- a. Iceland Keychange Week
- b. Nordic Film Music Days
- c. Lagasmíðabúðir – Women Unite
- d. Frestun *Íslensku tónlistarverðlaunanna* til 14. apríl
- e. Áhrif Covid: EY-skýrslan opinberuð
- f. „Það er ekki í lagi að vera ræningi“ grein framkvæmdastjóra í Morgunblaðinu
- g. Framhald af COVID-fyrirframgreiðslum (10 hafa nýtt sér hingað til á þessu ári)
- h. „Litla kaffistofan“ komin í gagnið.
- i. Auglýst eftir „munðarlausum“ verkum.
- j. NCB – Harry Fox - MLC og Orfium
- k. Dómur Evrópudómstólsins v VSK á starfsemi höfundaréttarsamtaka
- l. Samningur við Hörpu
- m. Uppgjör Þjóðkirkjunnar
- n. Samráðsfundur með samtökum viðburðarfyrirtækja
- o. Fundur með Bandalagi íslenskra tónleikahaldara (BÍT) vegna verðskrár fyrir tónleika
- p. Útreikningur SAF afsláttar til SFH
- q. Greinargerð skilað til sáttamanns IHM og fundur með sáttamanni
- r. Vinna við breytingar á samþykktum IHM

Undir þessum lið var m.a. rætt um mekanísk gjöld á útgáfu vínýlplata, en í þeim tilvikum þar sem lítill hluti útgefninga laga eru eftir aðra en þá sem standa að útgáfunni, getur greiðsla höfundaréttargjalda af allri plötunni haft hamlandi áhrif á útgáfuna. Framkvæmdastjóri greindi frá því að fyrir nokkrum árum hafi þetta verið sérstaklega skoðað, en ekki hafi þá verið vilji eða geta hjá NCB til að fara í hugbúnaðarþróun til að geta reiknað út hlutfallsleg höfundaréttargjöld. Vilji STEF á annað borð vera innan NCB sé því lítið við þessu að gera.

Framkvæmdastjóri tók að sér að hafa samband við NCB og afla upplýsinga um hvort hægt sé að koma til móts við þessi sjónarmið.

3. Breyting á verðskrá tónleika vegna styrkja. Frh. af síðasta fundi.

- Lögð fram að nýju tillaga að breytingu, ásamt minnisblaði.

Tillagan snýst um að orða betur hvaða tekjur beri að reikna til heildartekna tónleikahaldara við útreikning á höfundaréttargreiðslum og að taka sérstaklega fram í því sambandi að styrkir sem tónleikahaldari fær vegna tónleikanna reiknist til heildartekna. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Þak á hlutdeild upptökustjóra/útsetjara. Frh. frá síðasta fundi.

- Lagt fram að nýju minnisblað með tillögum til stjórnar, auk þess sem nú eru einnig lagðar fram upplýsingar frá erlendum samtökum.

Eftir nokkrar umræður um kosti og galla þess að setja fast þak á hlutdeild útsetjara, var ákveðið að samþykkja þak upp á 16,67%. Vilji útsetjari/upptökustjóri fá hærri hlutdeild í verkinu, verður hann/hún að vera skráður sem meðhöfundur á verkið.

5. Lagahöfundabúðir.

Samþykkt var að STEF myndi styrkja þrjá meðlimi til að sækja lagahöfundabúðir í maí (popptónlist) og síðan aftur þrjá meðlimi fyrir lagahöfundabúðir í september (kvikmyndatónlist) á vegum NordicLA. Auglýst verður eftir umsóknum og valið úr þeim. STEF mun greiða helming kostnaðar þátttakenda við lagahöfundabúðirnar, en þeirra hlutdeild í þátttökugjaldi verður dregin frá úthlutun höfundaréttargreiðslna til þeirra.

6. Beiðni um styrk frá Tónlistarborginni Rvk. vegna úrbótasjóðs tónleikastaða. Beiðninni fylgdu uppfærðar verklagsreglur. Stjórn STEFs samþykkti að taka þátt í þessu verkefni með framlagi kr. 500.000. Lögð var áhersla á það af hálfu stjórnar að þessi styrkur kæmi nú til vegna sérstakrar og erfiðar stöðu tónleikastaða í kjölfar veirufaraldursins, en ekki væri um reglulegt eða áframhaldandi framlag að ræða.

7. Tónlistarmiðstöð.

Lögð voru fram drög að skipuriti fyrir nýja Tónlistarmiðstöð, ásamt upplýsingum um hugsanlegt fyrirkomulag sjóða. Bragi Valdimar kynnti stuttlega vinnu nefndarinnar, sem unnið hefur að stefnumótun fyrir Tónlistarmiðstöð. Stjórn STEFs lýsti yfir ánægju sinni með vinnu nefndarinnar og afrakstur hennar og vonar að fullnægjandi fjármagn fái frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að hrinda af stað hugmyndum hennar og þar með Tónlistarmiðstöðinni.

8. Framkvæmdastjóri kynnti rekstraráætlun fyrir árið 2021. Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir aðeins hærri tekjum af innlendra starfsemi, en mun lægri tekjum af erlendra miðað við árið 2020, þar sem þá hafi borist greiðsla frá Netflix fyrir fimm ára tímabil í einu lagi (árin 2016-2020).

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:05.